

Alþingi
Erindi nr. P 138/251
komudagur 24.11.2009

Sveitarstjórnarráð Sjálfstæðisflokksins

17. nóvember 2009

Alþingi
b/t allsherjarnefndar

Þskj. 109 – 103 mál.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Stjórn sveitarstjórnarráðs Sjálfstæðisflokksins lýsir sig sammála því að leitað verði leiða til að auka íbúalýðræði á Íslandi þ.m.t. að gefa kjósendum aukna möguleika á að hafa áhrif á röðun þeirra sem bjóða sig fram til starfa í sveitarstjórnnum.

Stjórnin leggst hins vegar gegn því að frumvarpið sem nú liggur fyrir verði að lögum þar sem of naumur tími er til sveitarstjórnakosninga. Kosningaundirbúningur er þegar hafinn í sveitarfélögum um allt land og því er óviðunandi að Alþingi grípi inn í það ferli með viðamiklum breytingum á kosningalögum. Vill stjórnin í því sambandi vísa til umsagna sveitarstjórna vítt og breitt um landið, svo og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Um er að ræða róttækar breytingar sem kalla á ítarlega lýðræðislega umræðu og kynningu ef markmið breytinganna eiga að ná fram.

Virðingarfyllst,
f/h sveitarstjórnarráðs Sjálfstæðisflokksins


Soffia Lárausdóttir, formaður